



Umboðsmaður barna  
Kringlunni 1  
103 Reykjavík  
b.t. Salvör Nordal

### ***Svar við erindi umboðsmanns barna vegna ástands á húsnæði Fossvogsskóla***

Vísað er til bréfs umboðsmanns barna dags. 26. mars 2021 þar sem m.a. er fjallað um skort á upplýsingagjöf til nemenda, róti á lífi barna við flutninga í Korpuskóla og áhyggjum foreldra yfir heilsu barna vegna myglu.

Reykjavíkurborg leggur áherslu á að allt skóla- og frístundastarf í borginni fari fram í heilnæmu húsnæði og að andleg og líkamleg vellíðan barna, ungmenna og starfsfólks sé ávallt í fyrirrúmi. Vellíðan barns í daglegu lífi leggur grunninn að virkri þátttöku, aukinni færni og árangri í skóla- og frístundastarfi, eins og segir í Menntastefnu Reykjavíkur.


Allar aðgerðir borgarinnar í málnefnum Fossvogsskóla hafa miðað að ofangreindu. Ef upp hefur komið rökstuddur grunur um léleg loftgæði hefur verið brugðist við. Ef starfsfólk eða nemendur hafa kvartað undan einkennum hefur verið leitað að uppruna þess í byggingunni og ef fundist hafa vísbendingar um léleg loftgæði eða raka, þá er það lagað við fyrsta tækifæri. Það á við um Fossvogsskóla. Verkfræðistofan Verkís hefur lengst af verið í hlutverki ráðgjafa og frá haustinu 2021 verkfræðistofan Efla. Síðar nefnda verkfræðistofan bættist við teymið í samráði við fulltrúa foreldra. Líkt og annars staðar sker Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur úr um heilnæmi húsnæðis í Reykjavík í samræmi við lög.

Frá upphafi þess máls sem er tilefni fyrirspurnar Umboðsmanns barna hefur verið haft samráð við skólaráð Fossvogsskóla þar sem foreldrar eiga fulltrúa. Jafnframt hafa verið haldnir fjórir upplýsingafundir með öllum foreldrum í Fossvogsskóla. Þá hafa skólastjórar skólans sent upplýsingapósta til foreldra varðandi málið og samráð við foreldra því virkt í gegnum alla lykílafanga verkefnisins. Þá er ábendingum umboðsmanns barna um betri upplýsingagjöf til nemenda vel tekið.

Mál Fossvogsskóla hefur að mínu mati dregið fram að í viðfangsefnum af þessu tagi getur reynt mjög á traust og á ákveðnum tímapunktum hefur komið fram tortryggni varðandi upplýsingamiðlun og túlkun niðurstaðna einstakra greininga. Ofangreint teymi var því í kjölfarið útvíkkað til að sátt myndi frekar náðst um tillögur og niðurstöðu þess og traust skapast. Jafnframt lagði ég til við borgarráð að gerður yrði meginverkferil þegar grunur vaknaði um hugsanlegar rakaskemmdir og léleg loftgæði í húsnæði sem hýsir starfsemi borgarinnar. Markmið þessarar vinnu er að í hverju máli verði brugðist við með markvissum og viðunandi hætt. Meginverkferilinn er í undirbúningi undir forystu skrifstofu borgarstjóra

og borgarritara í samvinnu við umhverfis- og skipulagssvið, eignaskrifstofu, Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur, skrifstofu fjármála- og áhættustýringarsviðs og fagsvið borgarinnar.

Virðingarfyllst



Dagur B. Eggertsson  
borgarstjóri

Hjálagt:

Erindi umboðsmanns barna vegna ástands Fossvogsskóla, dags. 26. mars 2021.



## UMBOÐSMAÐUR BARNA

Skrifstofa borgarstjóra  
Ráðhús Reykjavíkur  
101 Reykjavík

Reykjavík 26. mars 2021

### **Efni: Ástand á húsnæði Fossvogsskóla**

Þann 28. maí 2020 sendi umboðsmaður barna [bréf til borgarstjóra Reykjavíkur](#) vegna erinda sem embættinu höfðu borist þar sem greint var frá áhyggjum nemenda í Fossvogsskóla vegna ástands húsnæðis skólans og framkvæmda vegna myglu og raka. Í þeim erindum kom jafnframt fram að skólastjórnendur og Reykjavíkurborg hafi ekki haldið upplýsingafundi fyrir nemendur og að þeir hafi fyrst og fremst fengið upplýsingar um framgang verkefnisins og stöðu mála í gegnum foreldra sína. Í bréfi umboðsmanns barna voru Reykjavíkurborg og stjórnendur Fossvogsskóla hvött til þess að huga sérstaklega að rétti barna til upplýsinga, þátttöku og besta mögulega heilsufars samkvæmt ákvæðum Barnasáttmálans, við töku ákvarðana er varða skólahúsnæði Fossvogsskóla.

Nú er svo komið að færa þarf starfsemi Fossvogsskóla í annað sinn frá því að mygla greindist þar fyrst árið 2019. Að þessu sinni hefur starfsemi skólans verið færð í Korpuskóla. Óvíst er hversu lengi sú ráðstöfun mun standa yfir en fram hefur komið að nemendur verða keyrðir í rútum frá Fossvogsskóla í Korpuskóla og aftur heim að skóladegi loknum.

Foreldrar hafa ítrekað lýst yfir áhyggjum vegna stöðu skólans og áhrifa myglu á heilsu nemenda. Þá hafa foreldrar einnig kvartað yfir því að upplýsingagjöf borgaryfirvalda og stjórnenda skólans til nemenda og foreldra hafi verið lítil sem enginn og því síður hafi verið boðið upp á samráð. Umboðsmanni barna berast enn erindi þar sem aðstandendur barna lýsa yfir óánægju sinni varðandi aðgerðir og framkomu skóla- og borgaryfirvalda. Ljóst er að það ástand sem hefur staðið yfir er til þess fallið að valda nemendum streitu og áhyggjum með tilheyrandi neikvæðum afleiðingum á líkamlega og andlega líðan þeirra. Ráðstafanir líkt og þær að færa starfsemi skóla í önnur hverfi borgarinnar raska verulega lífi nemenda. Það er grundvallaratriði að skóla- og borgaryfirvöld upplýsi nemendur um gang mála og veiti þeim tækifæri til þess að koma sínum sjónarmiðum á framfæri og taki tillit til þeirra í samræmi við

12. gr. Barnasáttmálans, sbr. lög nr. 19/2013. Líkt og fram hefur komið beindi umboðsmaður því til Reykjavíkurborgar í bréfi sem sent var 28. maí 2020 að huga að rétti barna til upplýsinga og þátttöku. Umboðsmaður áréttar hér með það sem þar kemur fram um að skólar séu vinnustaðir barna og því sé brýnt að þau fái ekki aðeins upplýsingar um stöðu mála hverju sinni og næstu skref, heldur fái jafnframt tækifæri til þess að eiga samtál við skólastjórnendur og aðra sem taka ákvarðanir í málinu. Það er mikilvægt að farið verði eftir þessum atriðum þegar teknar verða ákvarðanir um framgang mála.

Umboðsmaður barna kallar einnig eftir því að Reykjavíkurborg láti framkvæma óháða úttekt á viðbrögðum og aðgerðum skóla- og borgaryfirvalda vegna ástands húsnæðis Fossvogsskóla og kynni þær niðurstöður fyrir skólasamfélaginu. Þá er einnig nauðsynlegt að skýrir verkferlar séu til staðar sem tryggja rétt og tímanleg viðbrögð þar sem kveðið er á um þær aðgerðir sem grípa á til þegar mál sem þessi koma upp í einhverjum af skólum borgarinnar. Reykjavíkurborg þarf að setja slíka verkferla, kynna þá fyrir starfsfólki skóla, foreldrum og nemendum og gera þá aðgengilega.

Virðingarfyllt,



Salvör Nordal,  
umboðsmaður barna